

beggja til samans öðrum eins kvæðum og „Vestmenn“, „Braut-in“ o. sv. frv.

Flest eru þó kvæðin kveðin til mannanna sjálfra, að þeir hefjist handa, og til þess að vekja hjá þeim þau tilfinningabrot, er enn kunna að hjara, fyrir réttlæti, fegurð, frelsi og kærleika. „Myndin“, „Ef æskan vill rétta þér örvandi hönd“, „Skilmálarnir“, „Arfurinn“, „Þín heift væri betri“, „Í landsýn“ eru sannarleg lögeggjan, og áhrifadrjúgari en alt það til samans, er skrifað hefir verið á síðasta áratugnum, þótt ekki sé allir ávextirnir enn þá taldir.

Þá eru náttúrukvæðin, full af yl og vorblíðu angan. Í sólheimum og jarðheimum með „pröstum“, „lóum“, „hindum og álfum“ finnur hann þrótt og hressingu eftir þreifð og hrotturnar og „eggjadýrdina“ í mannheimum. — Í Mainfljóti skolar hann af sér „skít úr Vesturheimi“.

Ættjarðarkvæðin eru mörg, og fyrir þau verður „landið helga“ ógleymanlegra eftir en áður.

Enn þá nokkur orð um meðferð efnisins. Það er harðstjórnin, sem hann hefir sett sér fyrir að vinna á.

„Og hætt er við að harðstjórn þar á hnífum kenni.

Skapið það sem innst er inni

erfði hann frá móður sinni.“

Og hann sparar hvorki „hnífla“ né háð, alvöru eða eggjunarorð. Öllu því réttarfari og skikki, sem hræsnin og heimskan og manndómsleysið hefir sett, sýnir hann hjartalausa fyrirlitningu. Hann fer stundum ófögnum orðum um „líkama vorrar lægingar“ eins og til dæmis í kvæðinu „Eden“. „Hér er enginn munur á grískum manni og Gyðingi, á umskornum og óumskornum, útlendingi, Skýta, þræli eður frjálsum“, — þrátt fyrir það siðalögmál svonefnt, sem hin gamla kyrkja hefir klappað saman, þá fljúgast á fjörgamlir heiðursmenn „um forboðnu eplin á hnjánum“, og langt frá, að þeir hlýði boðorðinu: „Þú skalt ekki snerta, ekki smakka, ekki taka á.“

Enda vill höfundurinn sópa í burtu öllum fornaldar maura-vefnum, og taka öll ráð af þeim, sem berja þræla sína, hvort þeir höfðingjar eru á himni eða jörðu, öllum þeirra setningum